

**Menntaskólinn í Reykjavík**  
**02 301**

**Ársreikningur 2022**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymsyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Menntaskólinn í Reykjavík**

**kt. 460269-2109**

**Lækjargötu 7, 101 Reykjavík**

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Menntaskólinn í Reykjavík er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Skólinn hefur ávallt kappkostað að gera nemendur sína sem hæfasta til að stunda háskólanám og veitt þeim haldgóða menntun sem nýtist þeim hvert sem leið þeirra liggur að loknu stúdentsprófi.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnsavið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.110,4 milljónir og afkoma kr. -50,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -0,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 156,5 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans í Reykjavík í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans í Reykjavík fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Sólveig G. Hannesdóttir  
rektor

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.059.689.986	1.017.537.653
Aðrar tekjur .....	3	8.258.000	8.363.000
Seld þjónusta .....	4	2.286.170	3.630.379
Vörusala .....		20.148.900	20.319.383
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	10.440.760	5.953.838
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	9.564.882	8.651.832
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.110.388.698</b>	<b>1.064.456.085</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	6	917.721.051	855.136.564
Annar rekstrarkostnaður .....	7	233.781.230	197.337.858
Afskriftir .....	8	9.564.882	8.651.832
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.161.067.163</b>	<b>1.061.126.254</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>			
		(50.678.465)	3.329.831
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		106.911	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(276.025)	(287.121)
		(169.114)	(287.121)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(50.847.579)</b>	<b>3.042.710</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		44.839.454	41.141.995
		<u>44.839.454</u>	<u>41.141.995</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	10	481.465	0
Tengdir aðilar .....		49.474.782	137.320.109
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		555.300	72.100
Handbært fé .....	11	61.181.969	36.656.005
		<u>111.693.516</u>	<u>174.048.214</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<b>156.532.970</b>	<b>215.190.209</b>
		<u>156.532.970</u>	<u>215.190.209</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		(777.713)	50.069.866
		<u>(777.713)</u>	<u>50.069.866</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	1.107.995	1.204.935
Viðskiptaskuldir .....		7.635.132	14.482.654
Ýmsar skammtímaskuldir .....	13	78.191.809	80.592.125
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	70.375.747	68.840.629
		<u>157.310.683</u>	<u>165.120.343</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>156.532.970</b>	<b>215.190.209</b>
		<u>156.532.970</u>	<u>215.190.209</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....	(50.847.579)	3.042.710	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8 9.564.882	8.651.832	
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	(9.564.882)	(8.651.832)	
	<u>(50.847.579)</u>	<u>3.042.710</u>	
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....	(964.665)	669.000	
Tengdir aðilar .....	85.586.046	(76.063.257)	
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....	(9.247.838)	410.343	
	<u>75.373.543</u>	<u>(74.983.914)</u>	
	<u>24.525.964</u>	<u>(71.941.204)</u>	
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9 (13.262.341)	(7.807.100)	
	<u>(13.262.341)</u>	<u>(7.807.100)</u>	
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....	2.162.341	0	
Fjárfestingarframlag .....	11.100.000	7.807.100	
	<u>13.262.341</u>	<u>7.807.100</u>	
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....	24.525.964	(71.941.204)	
	<u>36.656.005</u>	<u>108.597.209</u>	
	<u>61.181.969</u>	<u>36.656.005</u>	

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atríði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttokins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávoxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eigin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

## **Skýringar**

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### **Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### **Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### **Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

		2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>			
Fjárveiting ársins .....		1.059.689.986	1.017.537.653
Tekjufærsla frestaðra tekna .....		9.564.882	8.651.832
		<u>1.069.254.868</u>	<u>1.026.189.485</u>
<b>Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:</b>			
	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.012.400.000	0	0
Launabætur .....	8.100.000	0	0
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	39.189.986	0	0
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.059.689.986</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(1.110.537.565)	0	0
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(50.847.579)</b>	<b>0</b>	<b>(50.847.579)</b>
		2022	2021
<b>3 Aðrar tekjur</b>			
Sala á vöru og þjónustu .....		8.258.000	8.363.000
		<u>8.258.000</u>	<u>8.363.000</u>
<b>4 Seld þjónusta</b>			
Veitinga- og gistibjónusta .....		456.900	1.499.400
Fræðslustarfsemi og fundir .....		1.829.270	2.130.979
		<u>2.286.170</u>	<u>3.630.379</u>
<b>5 Framlög og ýmsar tekjur</b>			
Leigutekjur .....		168.000	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....		5.320.000	4.062.500
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....		4.857.960	1.818.438
Ýmsar tekjur .....		94.800	72.900
		<u>10.440.760</u>	<u>5.953.838</u>
<b>6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>			
Laun .....		746.853.651	684.379.747
Orlof, breyting .....		393.723	7.648.365
Launatengd gjöld .....		170.789.627	151.233.305
Starfsmannakostnaður .....		(315.950)	11.875.147
		<u>917.721.051</u>	<u>855.136.564</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....		71,9	69,0

# Skýringar

	2022	2021
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.950.559	2.002.422
Byggingarvörur, almennar .....	79.070	44.054
Byggingarvörur, aðrar .....	18.979	26.620
Tæki og búnaður til innréttингa .....	41.012	190.008
Ymis tæki og áhöld .....	1.880.384	2.246.492
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	56.974	3.496
Orkugjafar .....	9.822.534	6.364.615
Matvæli .....	6.521.956	5.393.676
Almennar rekstrarvörur .....	3.371.382	3.527.996
Vörukaup, almenn	<u>23.742.850</u>	<u>19.799.379</u>
Kennslu- og föndurvörur .....	244.392	463.351
Ýmsar sérgreindar vörur .....	<u>146.010</u>	<u>87.819</u>
Vörukaup, sérgreind	390.402	551.170
Fundir, námskeið, risna .....	1.444.360	1.506.542
Ferðir, uppihald .....	1.595.804	691.395
Akstur .....	1.034.597	696.940
Sérfræðiþjónusta .....	20.889.380	18.864.152
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	397.915	237.952
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	807.428	169.100
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	<u>2.052.012</u>	<u>4.241.947</u>
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ymis sérfræðiþjónusta	28.221.496	26.408.028
Afnotagjöld .....	13.033.164	9.757.071
Leigugjöld .....	151.829.927	130.179.710
Notkun véla og flutningatækja .....	315.460	155.255
Verkkaup .....	10.675.331	9.350.703
Kostnaðarhlutdeild .....	65.241	0
Tryggingar, lögboðnar .....	65.106	59.224
Opinber gjöld .....	608.915	302.838
Tilfærslur .....	510.000	10.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>177.103.144</u>	<u>149.814.801</u>
Vörukaup .....	4.323.338	764.480
Vörur til endursölu og birgðabreyting	<u>4.323.338</u>	<u>764.480</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>233.781.230</u>	<u>197.337.858</u>
<b>8 Afskriftir</b>		
Ahöld, tæki og búnaður .....	9.564.882	8.651.832
	<u>9.564.882</u>	<u>8.651.832</u>

# Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

## 9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	44.839.454	41.141.995
	44.839.454	41.141.995

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	91.796.312	91.796.312
Viðbætur á árinu .....	13.262.341	13.262.341
	105.058.653	105.058.653
Afskriftir 01.01.2022 .....	50.654.317	50.654.317
Afskrift ársins .....	9.564.882	9.564.882
	60.219.199	60.219.199
Staða 31.12.2022 .....	44.839.454	44.839.454

31.12.2022 31.12.2021

## 10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	49.474.782	137.320.109
	49.474.782	137.320.109

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	1.107.995	1.204.935
	1.107.995	1.204.935

## 11 Handbært fé

Tékkareikningar .....	51.727.645	25.965.744
Sparisjóðsreikningar .....	4.288.145	5.024.873
	61.181.969	36.656.005

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 19,8 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2022 31.12.2021

Hrein eign

Jöfnuður 1.1. .....	50.069.866	47.027.156
Afkoma ársins .....	(50.847.579)	3.042.710
Jöfnuður 31.12. .....	(777.713)	50.069.866

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

# Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldur</b>		
Ógreitt orlof .....	56.025.848	55.632.125
Önnur ógreidd gjöld .....	<u>22.165.961</u>	<u>24.960.000</u>
	<u>78.191.809</u>	<u>80.592.125</u>

## 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	44.839.454	41.141.995
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	<u>25.536.293</u>	<u>27.698.634</u>
	<u>70.375.747</u>	<u>68.840.629</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	41.141.995	27.698.634	68.840.629
Fjárfestingsfjárveiting ársins .....	0	11.100.000	11.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	13.262.341	(13.262.341)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(9.564.882)</u>	0	<u>(9.564.882)</u>
	<u>44.839.454</u>	<u>25.536.293</u>	<u>70.375.747</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 8,4 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

## 15 Aðrar upplýsingar

### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnaði, þjónustusamninga um rekstur og vörlu hugbúnaðarkerfa og aðra samninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 221,5 milljónum, vegna þjónustusamninga kr. 26 milljónum og vegna annara samninga 3,6 milljónum.

### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.